

Alþingi, nefndasvið
Helga E. Þórisdóttir, nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 05.03.2003
Tilv. 40.13
JP/gg

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins, heildarlög,
538. mál.**

Landspítali - háskólasjúkrahús (LSH) hefur fengið ofangreint frumvarp til umsagnar. Eins og fram kemur í athugasemdum við frumvarpið er ætlunin að setja heildarlög/sérlög um stöðina og fella úr gildi 16. gr. l. 59/1992 um málefni fatlaðra. Fram kemur að hliðstætt frumvarp hefur áður verið lagt fram á 126. löggjafarþingi. Vænta má að það hafi á þeim tíma fengið einhverja efnisumfjöllun.

LSH hefur kynnt sér þetta frumvarp og er það skoðun LSH að jákvætt sé að setja sérstök lög um Greiningar- og ráðgjafastöðina.

Í frumvarpinu er tekið tillit til þeirra starfshátta, sem hafa þróast í starfsemi stöðvarinnar og til aukinnar þekkingar og eðlilegrar meðferðar hinna ýmsu þroskaraskana. Þá skýrir frumvarpið þá hópa barna sem Greiningarstöðinni ber að þjóna, en viðkenndur er vandi ákveðinna hópa sem búa við veruleg frávik án þess að vera fötluð á fullorðinsárum.

Það er álit LSH að í frumvarpinu sé betri skilgreining á greiningarferlinu en áður, þar sem gert er ráð fyrir formlegu þroskamati (frumgreiningu) til að skilgreina vanda barns betur áður en til tilvísunar á Greiningarstöð kemur. Þetta ætti að stuðla að því að efla þekkingu á greiningu utan stöðvarinnar og einnig að gera Greiningarstöð kleift að sinna betur flóknari og langvinnari vandamálum. Þó mætti e.t.v. skilgreina betur skyldur stöðvarinnar við ýmsa markhópa sem hafa fjölþætta þjónustu, t.d. börn með framheilaskaða s.s. eftir höfuðslys eða alvarlega sjúkdóma í heila og miðtaugakerfi.


Það er jafnframt skoðun LSH að frumvarpið skilgreini betur en áður verkaskiptingu Greiningarstöðvar annars vegar og stofnana sveitarfélaga hins vegar, einkum hvað varðar eftirfylgd. Meginstefnan er samkvæmt frumvarpinu að eftirfylgd fari fram í nánasta umhverfi barnsins. Þetta stuðlar að uppbyggingu þekkingar á fötlun barna hjá stofnunum sveitarfélaga, auk þess sem æskilegt er að tengja þjónustuna sem mest daglegu umhverfi barnsins. Sýnt er að huga þarf vel að faglegri samvinnu Greiningarstöðvar við aðrar stofnanir í heilbrigðis-, félags- og menntakerfi. Einkum er það brýnt frá sjónarhóli LSH að samvinna Greiningarstöðvar, barnasviðs og Barna- og unglingsgeðdeildar LSH verði skilgreind, þannig að sem mest samræmi verði í þjónustu við sameiginlega skjólstæðinga og að samstarf sérfræðinga stofnana sé tryggt. Er þetta sérlega mikilvægt í ljósi þeirrar umræðu sem nú á sér stað um BUGL.

Að lokum vill LSH leggja áherslu á að Greiningarstöðin sé virkjuð til náms og starfsþjálfunar háskólanema í hinum ýmsu greinum, sem koma að þjónustu við fötluð börn. Þá er óvarlegt að gera ráð fyrir að lögin leiði ekki til kostnaðarauka, þar sem þekkt er að stór hópur er á biðlistum stöðvarinnar auk þess sem vissir hópar barna með alvarlegar þroskaraskanir njóta ekki þjónustu stöðvarinnar, nema í litlum mæli (t.d. Asperger heilkenni).

Niðurstaða:

LSH mælir með því að sérlög verði sett um Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins. Visað er til framangreindra ábendinga sem LSH hvetur Félagsmálanefnd til að skoða nánar og taka tillit til við lokafrágang nýs frumvarps um Greiningarstöðina.

Virðingarfyllst



Magnús Pétursson, forstjóri